



**304. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn á Microsoft Teams fimmtudaginn 8. apríl 2021 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Dominiqua Alma Belányi, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Forföll: Ása Ólafsdóttir.**

#### **Dagskrá:**

##### **1. Fjárhagslegar upplýsingar**

Gunnar Bragason gjaldkeri og Tryggvi E. Geirsson endurskoðandi fóru í gegnum ársreikning ÍSÍ 2020. Kórónuveirufaraldurinn sett mark sitt á starfsemi sambandsins og endurspeglast það í ársreikningi þess. Niðurstaða reksturs er 13 milljónir króna í hagnað. Lagðar eru 25 milljónir króna í Viðhalds- og byggingasjóð, samkvæmt samþykkt framkvæmdastjórnar ÍSÍ þar að lútandi, og ein milljón í Verkefnasjóð ÍSÍ. Handbært fé sambandsins hefur aukist og er sambandið með því betur í stakk búið að mæta sveiflum vegna kostnaðar stórra verkefna, eins og til dæmis Ólympíuleika og Smáþjóðaleika, á þeim árum sem þau koma til.

Gunnar og Tryggvi skýrðu einstaka liði í ársreikningi og skýringum og svöruðu fyrirspurnum fundarmanna. Rætt m.a. um að hafa betri samantekt á heildarlaunum í skýringum.

Fundarmenn samþykktu heimild um undirritun ársreiknings ÍSÍ, samkvæmt framlögðum gögnum á fundinum.

##### **2. Ólympísk málefni**

Þórey Edda Elísdóttir fór yfir ólympísku verkefni sem framundan eru.

###### *Tókýó*

Enn kreppir að leikunum og búið er að skera niður dagskrá gesta og skráningakvóta þar að lútandi. Engar heimsóknir verða leyfðar í Ólympíuþorpið og verður því ekki hægt að nýta aðila utan þorps til aðstoðar við hópinn í þorpinu, með sama hætti og áður. Rætt um áætlaðan keppendafjölda. Fækkað hefur í hópnum síðustu vikurnar af ýmsum ástæðum. Forseti og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu mála varðandi þátttöku háttsettra gesta og annarra gesta á vegum ÍSÍ. Forseti Íslands mun ekki fara og nokkur óvissa er með þátttöku annarra.

Knútur G. Hauksson minnti á erindi sem hann sendi forseta og framkvæmdastjóra varðandi ráðningu starfsmanna í tengslum við verkefni Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.

Umræður urðu um ofangreind mál.

Framkvæmdastjóra og sviðsstjóra Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ veitt heimild til að ganga frá ofangreindum málum í samráði við gjaldkera.

### 3. Fagsvið ÍSÍ

Viðar Garðarsson formaður fagsráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Hann vakti athygli á fjölgun Fyrirmyndarfélaganna ÍSÍ á svæði Íþróttabandalags Akureyrar í kjölfar gæðavottunar bandalagsins sjálfs sem varð Fyrirmyndarhérað ÍSÍ í desember 2019.

Upptökur eru hafnar á erindum fjarmálþings um rafleiki.

Þráinn Hafsteinsson formaður fagraðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir verkefni sviðsins. Allt er nú að verða tilbúið fyrir Hjólað í vinnuna og verður setning verkefnisins með sama sviði og 2020, þ.e. einungis boðsgestir verða viðstaddir. Hafin er önnur fundalota með íþróttahéruðum vegna almenningsíþróttaverkefna.

Sjóvá heldur áfram sem helsti stuðningsaðili Kvannahlaupsins, sem fært hefur verið til haustsins og verður nú hluti af Íþróttaviku Evrópu.

### 4. Málefni COVID-19

Forseti skýrði frá fundi sem hann og framkvæmdastjóri áttu með mennta- og menningarmálaráðherra í dag vegna COVID-19 mála. Meginefni fundarins var að ræða mögulega fleti á því að koma íþróttastarfinu í fullan gang aftur og kom fram á fundinum að ráðherra mun beita sér í málinu. Á fundinum lagði forseti mikla áherslu á meiri fyrirsjáanleika og kallaði eftir frekari skýringum ef tilslakanir varðandi samkomur eru ekki í kortunum.

Einnig skýrði forseti frá fundi með Guðrúnu Aspelund hjá sóttvarnasviði Embættis landlæknis. Þar kom fram að enn er ekki búið að bólusetja alla viðkvæmustu hópana í landinu þó að bólusetningar gangi almennt ágætlega fyrir sig.

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að bara í dag væri hún búin að sitja fimm fundi um COVID-19 málefni. Engar afléttingar verða fyrr en í fyrsta lagi 15. apríl og töluverð óvissa í kortunum.

Forseti sagði ljóst að óánægju gæti í íþróttahreyfingunni með þær takmarkanir sem í gildi eru og afleiðingar þeirra á starfsemi íþróttafélaga. Unnið sé hörðum höndum að lausnum í málinu en það sé erfiðleikum bundið að skýra frá þeim viðræðum þar sem þau samskipti snúist um traust og trúnað þar til hægt sé að skýra frá niðurstöðum. Staðan sé viðkvæm hverju sinni en huga þurfi að mörgu ef ná eigi að halda stjórn á faraldrinum hér á landi. Umræður urðu um mögulegar leiðir til þess að auka sýnileika og upplýsingagjöf til sambandsaðila og einnig út á við til almennings og fjölmiðla.

### 5. 75. Íþróttþing ÍSÍ 2021

Farið yfir fyrirkomulag þingsins. Þingið verður fjarþing, haldið 7. maí með aðstoð Advania sem mun sjá um tæknimál, stúdío í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og kosningar.

Ef þörf verður á að fresta eintaka dagskrárliðum þá verður boðað til framhaldsþings í haust. Ekki verða neinar heiðranir á þinginu og ekki útnefnt í Heiðurshöll ÍSÍ.

Forseti ítrekaði frestinn til að skila inn framboðum og þau tilmæli sem samþykkt voru á síðasta þingi um að upplýsingar liggi snemma fyrir um fyrirætlan stjórnarmanna sem eru að enda sitt kjörtímabil.

Rætt um mögulegar tillögur til þings, þ.m.t. breytingar á lögum sambandsins.

## 6. Rafleikir

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, annar tveggja fulltrúa ÍSÍ í vinnuhópi mennta- og menningarmálaráðherra um framtíðarstefnu í rafíþróttum fór yfir starf vinnuhópsins sem nú hefur skilað af sér skýrslu, ásamt greinargerð, til ráðherra. Skýrslunni var skilað með athugasemd frá fulltrúum ÍSÍ þar sem fram komu mótmæli við notkun orðsins rafíþróttir um spilun tölvuleikja sem ekki hafa neina tengingu við íþróttir.

Stefnt er að fjarmálþingi um rafleiki fljótlega, í samræmi við samþykkt Íþróttþings þar að lútandi.

Forseti þakkaði Kolbrúnu og Viðari Garðarssyni, fulltrúum ÍSÍ í vinnuhópnum, fyrir þeirra góða starf í hópnum.

## 7. Heiðranir

Rafræn afgreiðsla framkvæmdastjórnar ÍSÍ um að sæma Sigurjón Sigurðsson fráfarandi formann Handknattleiksfélags Kópavogs Gullmerki ÍSÍ staðfest. Hafsteinn Pálsson afhenti heiðursviðurkenninguna á aðalfundi félagsins 20. mars sl.

## 8. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 303. fundur framkvæmdastjórnar
- 4. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ 2021
- Afreks- og Ólympíusvið frá 23. mars 2021

## 9. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

## 10. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur stjórnar verður haldinn miðvikudaginn 21. apríl nk. kl. 16:00.

## 11. Önnur mál

### *Lagaleg erindi*

Forseti skýrði frá fundi með forsvarsmönnum Aþenu, íþróttafélags sem sótt hefur um aðild að Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Hann fór yfir feril málsins innan ÍSÍ og misvísandi upplýsingar sem fram hafa komið í fjölmiðlum um þann feril undanfarna daga.

Samþykkt samhljóða að staðfesta lög félagsins með fyrirvara um eftirfarandi lagfæringu á 8. grein og ábendingu um 9. grein:

### **8. grein**

Starfsheitið endurskoðandi er lögverndað og ef félagskjörnir skoðunarmenn sjá um skoðun reikninga, eins og fram kemur síðar í sömu grein, þá þarf að skipta út orðinu „endurskoðaða“ í „skoðaða“.

## **9. grein**

Ekki má heldur kjósa stjórn á aukaaðalfundi. Gott væri að bæta því inn í greinina.

Rætt um eftirlitshlutverk ÍSÍ og annarra eininga innan vébanda sambandsins. Forseti upplýsti að unnið væri að því að setja fram tillögu um nýtt ákvæði varðandi eftirlitsskyldu í íþróttahreyfingunni í lög ÍSÍ, sem yrði til umfjöllunar á þinginu í maí.

### ***Framlengdur frestur skila á starfsskýrslum***

Farið yfir stöðu skila á starfsskýrslum. Frestur til skila rennur út 15. apríl nk.

Mörg félög hafa frestað aðalfundum vegna samkomutakmarkana til að freista þess að geta haldið þá með hefðbundnum hætti síðar í vor.

Samþykkt að heimila frestun á skilum allt til 1. júní nk.

### ***Þingsályktunartillaga um lýðheilsustefnu til 2030***

Erindi hefur borist til ÍSÍ frá nefndasviði Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn frá ÍSÍ um þingsályktunartillögu um lýðheilsustefnu til ársins 2030. Framkvæmdastjóra falið, í samráði við sviðsstjóra allra fagsviða ÍSÍ, að móta tillögu að umsögn.

### ***Lokunarbréf***

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að ÍSÍ hafi borist svonefnt lokunarbréf samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsmála í máli með málnúmerið 3/2020, sem ráðgjafinn hefur haft til umfjöllunar. Niðurstaða ráðgjafans felur ekki í sér breytingar á lögum, reglum eða verkferlum hjá ÍSÍ en ÍSÍ hefur orðið við tillögu ráðgjafans um greiðslu fyrir ákveðna þjónustu í tengslum við málið.

### ***Nýtt starfsskýrslukerfi***

Úlfur H. Hróbjartsson óskað eftir upplýsingum um stöðu mála varðandi nýtt stafrænt kerfi í stað Felix.

Gunnar Bragason gjaldkeri og Andri Stefánsson sem unnið hefur að málinu skýrðu stöðu mála, sögðu frá viðræðum sem standa yfir, áætluðum kostnaði við gerð og rekstur nýs skilakerfis og næstu skrefum. UMFÍ er með tvo fulltrúa í stýrihópi vegna nýs starfsskýrslukerfis og hefur þannig verið upplýst um öll skref sem tekin hafa verið í málinu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.